

82

31. maí

Því úrskurðast.

Framangreindur úrskurður sýslumanns um, að Bjarni hreppstjóri Sigurðsson skuli eiga sæti sem aðalsýslunefndarmaður Eskifjarðarhrepps á aðalfundi sýslunefndar Suður-Múlasýslu þ. á., er úr gildi feldur, og stendur þá ályktun sýslunefndar tjeðrar sýslu um, að Guðmundur prestur Ásbjarnarson eigi sæti á fundinum sem aðalsýslunefndarmaður tjeðs hrepps, óhöggud.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni.

83

5. júní

Brjef stjórnarráðsins til skattanefndarinnar í Fljótshlíðarhreppi *um kostnað við mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð.*

Jafnframt því að senda skattanefndinni meðfylgjandi landssjóðsávisun, að upphæð kr. 17.00, til endurgjalds reikningi yfir kostnað við mat á eftirgjaldi jarða í sjálfsábúð í Fljótshlíðarhreppi, er fylgdi brjefi 22. apríl þ. á., skal þess getið, að stjórnarráðið hefir að þessu sinni ávísað fullri upphæð reikningsins, en annars ber að skilja brjef stjórnarráðsins, dags. 17. mars þ. á., til allra skattanefnda, á þann veg, að það að eins taki til þeirra jarða í sjálfsábúð, er eftirgjald þeirra er svo lágt, að eigi nær tekjuskattsgjaldi samkvæmt I. kafla tekjuskattslaganna, og ber þá fyrir matið að greiða samkvæmt 21. gr. sömu laga.

84

21. júlí

Brjef stjórnarráðsins til landssímastjórans *um tímareikning við símaþjónustu.*

Eftir móttöku brjefs yðar, herra landssímastjóri, dags. 17. þ. m., veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að 24 stunda klukka verði notuð við símaviðskifti hjer á landi frá og með 1. ágúst næstkomandi, bæði að því er snertir innlend viðskifti og erlend.

Þetta birtist yður hjermeð til leiðbeiningar, frekari ráðstafana og birtingar.

85

22. júlí

Brjef stjórnarráðsins til fasteignamatsnefndar Suður-Múlasýslu *um greiðslu á kaupum fasteignamatsnefnda.*

Með brjefi, dagsettu 6. þ. m., hefir fasteignamatsnefnd Suður-Múlasýslu farið þess á leit, að hún framvegis geti fengið kaup sitt útborgað mánaðarlega, annaðhvort á skrifstofu Suður-Múlasýslu, eða í útibúi Íslandsbanka á Seyðisfirði. Ennfremur fara nefndarmenn fram á að fá greidda aukapóknun fyrir eftirvinnu, eða fyrir það sem þeir starfa að matinu fram yfir 10 stundir á dag.